

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2424-093-MIN-001-V01

DAGS.

21.11.2018

SENDANDI

Eva Dís Þórðardóttir

VERKHEITI

Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri – drög að umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu

VERKKAUPI

Garðabær

DREIFING

Arinbjörn Vilhjálmsson
Sólveig Helga Jóhannsdóttir

MÁLEFNI

Tillaga að umsögn Garðabæjar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri

Efni bréfs: Umsögn vegna fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri

Garðabæ barst þann 21. október sl. bréf þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri og mati á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Forsendur framkvæmdarinnar eru að mæta þörf fyrir bættri íþróttaaðstöðu innan bæjarins, sem og að þjónusta framtíðaruppbyggingu svæðisins. Felst fyrsti hluti þeirrar uppbyggingar í að reisa fjölnota íþróttahús og tengibyggingu sem mun samnýtast öðrum íþróttamannvirkjum í framtíðinni. Fram kemur í tilkynningunni að unnið sé að skipulagsáætlunum fyrir frekari uppbyggingu, bæði á íþróttasvæðinu og í næsta nágrenni þess. Þar mun m.a. rísa íbúðahverfi, þjónustu- og verslunarkjarni og grunnskóli. Gert er ráð fyrir uppbyggingu íþróttasvæðisins í aðalskipulagi Garðabæjar 2010-2030. Samhliða tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu eru breytingar á gildandi deiliskipulagi svæðisins í vinnslu, m.t.t. til þeirra framkvæmda sem fyrirspurnin nær til. Einnig kemur fram að unnið er að frekari skipulagsáætlunum fyrir svæðið í heild sinni, t.d. með gerð rammaskipulags. Er því framkvæmdin í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir Garðabæjar.

Í dag er, á stærstum hluta svæðisins, að finna æfingaaðstöðu fyrir Golfklúbb Garðabæjar og Kópavogs (GKK). Einkennist landið af framræstum túnum og skurðum. Eins og kemur fram í tilkynningunni, hefur svæðið ekki mikla sérstöðu m.t.t. gróðurfars og fuglalífs. Að auki eru engar menningarminjar sem raska þarf vegna framkvæmdanna. Í tilkynningunni koma einnig fram ráðstafanir sem þarf að hafa í huga vegna vatnafars á svæðinu við framkvæmdina, bæði á rekstrar- og framkvæmdatíma. Mikilvægt er að taka tillit til þeirra svo að gegnið sé úr skugga um að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á vatnafar. Áhrif á umferð og hljóðvist eru talin óveruleg.

Í erindi Skipulagsstofnunar er þess óskað að umsögn taki á því hvort forsendur framkvæmdar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum m.t.t. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar kemur fram að meta eigi framkvæmdina út frá eðli, staðsetningu og eiginleikum hugsanlegra áhrifa hennar.

Eðli framkvæmdar. Við þá umfjöllun má benda á að um nokkuð umfangsmikla framkvæmd er að ræða, sérstaklega þegar litið er til þeirra mannvirkja sem eru í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Eðli framkvæmdarinnar felst þó í að mæta þörfum bæjarins um bættu íþróttaaðstöðu auk þess að verða hluti af framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Því er markmið framkvæmdarinnar jákvætt m.t.t. samfélagslegra þátta innan bæjarins. Að sama skapi, er ljóst að umfang framkvæmdarinnar er nokkuð. Úrgangsmyndun, nýting auðlinda, mengun og ónæði er talið óverulegt vegna framkvæmdar.

Staðsetning framkvæmdar. Áður hefur verið bent á að svæðið hefur litla sérstöðu m.t.t. gróðurfars og fuglalífs. Svæðið er raskað og hefur verið mótað af mannavöldum, bæði með framræstum túnum en ekki síst þeirri golfvallarstarfsemi sem þar hefur verið starfrækt undanfarin ár. Því er staðsetning framkvæmdarinnar ekki talin hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Gerð hafa verið grein fyrir helstu umhverfispáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Heilt yfir er sú umfjöllun talin fullnægjandi og færir hún rök fyrir því að ekki verði umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar.

Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Lögð er áhersla á, líkt og fram kemur í fyrirspurninni, að sækja þarf um byggingarleyfi til sveitarfélagsins áður en framkvæmdir hefjast. Ekki er hægt að veita byggingarleyfi fyrr en skipulags- og fyrirspurnarferli hefur verið lokið. Bent er á að við umsókn byggingarleyfis þurfa að liggja fyrir ákveðin gögn og samþykktir. Ekki er talin þörf á að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða eða vöktunar vegna framkvæmdarinnar. Þó er lögð áhersla á mikilvægi þeirra atriði er stuðla að því að lágmarka umhverfisáhrif við hönnum, framkvæmd og rekstur fjölnota íþróttahússins í Vetrarmýri.